

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 04 - 2021

Staður: TEAMS

Tími: Miðvikudagur 28. apríl 2021 kl 13:00-15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Margrét Björnsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson Jón Kristófer Arnarson, Torfi Jóhannesson (ritar), Halldór Þorgeirsson (liður 3 og 4) og Guðveig Lind Eyglóardóttir.

Gestir fundar: Theodóra Ragnarsdóttir undir lið 1 og Christian Schultze, Sigríður Kristjánsdóttir og Þóroddur Sveinsson undir lið 4.

1. Ársreikningur 2020 og 3 mánaða uppgjör 2021 [kynning og umræður 13:00-13:20]

Theodóra fór yfir niðurstöður ársins 2020 og 3ja mánaða uppgjör jan-mars 2021. Flestir gjaldaliðir er lægri og tekjuliðir hærri en áætlun gerði ráð fyrir en búast má við að frávik jafnist út við 6 mán. og 9 mán. uppgjör.

2. Reglur um BS-nám og reglur um námsbrautarstjórn [afgreiðsla 13:20-13:30]

Reglur um BS-nám og reglur um námsbrautarstjórn sem lagðar voru fram á síðasta fundi. Samþykkt samhljóða.

3. Stöðumat á stefnu [kynning og umræður 13:30-13:45]

Rektor fór yfir stöðu mála með áherslu á kynningarmál. Kynnt var nýleg úttekt Gallup: *Traust til stofnana og embætta 2021*. Lbhí liggur ofan við meðaltal þeirra stofnana og embætta, sem könnunin náði til og traustið er mest meðal þeirra, sem þekkja best til skólans. Hins vegar bendir könnunin til, að gera þurfi átak í að kynna starfsemi skólans meðal almennings. Rektor kynnti til hvaða aðgerða gripið hefur verið til á því sviði.

4. Kynning á vinnu deilda [kynning og umræður 14:00-14:30]

Fulltrúar deilda og rannsókn- og alþjóðafulltrúi kynntu helstu verkefni deilda. Háskólaráð samþykkti að óska eftir því að sett verði af stað vinna við mótun alþjóðastefnu við skólann.

Þegar hér var komið, var fundartími liðinn og öðrum dagskrárliðum var frestað til næsta fundar, sem verður aukafundur, haldinn 12. maí, nk. kl. 13.00.

5. Önnur mál til kynningar [kynning og umræður 13:45-14:00]

Tilfærsla starfsmenntanáms í garðyrkju

Jarðræktarmiðstöð og uppbygging innviða. Heimsókn landbúnaðarráðherra

Hestamiðstöð að Mið-Fossum. Skeifudagur 2021

Undirbúningur gæðaúttektar og jafnlaunaúttektar

Ársfundur 28. maí 2021

Háskólafundur 28. maí 2021

6. Verkefni Loftslagsráðs sem tengjast Lbhí [kynning og umræður

7. Næsti fundur

